



Nafn barns	Kennitala	
Lögheimili	Sími	
Nafn móður/forráðamanns	Kennitala	Netfang
Vinnustaður	Vinnusími	GSM sími
Nafn föður/forráðamanns	Kennitala	Netfang
Vinnustaður	Vinnusími	GSM sími
Nafn og fæðingarár systkina		
Nafn og símanúmer næsta aðstandenda ef ekki næst í foreldra		
Verður barnið sótt í frístund? <input type="checkbox"/>		

Dvalartími barns í frístund:

Mánudaga frá kl. til kl.

Þriðjudaga frá kl. til kl.

Miðvikudaga frá kl. til kl.

Fimmtudaga frá kl. til kl.

Föstudaga frá kl. til kl.

Foreldrar skuldbinda sig til að halda staðfestum vistunartíma að minnsta kosti eina önn (4 mánuðir). Þó skal taka mið af aðstæðum foreldra og stöðu frístundar hvað varðar sölutíma. Óski foreldrar eftir breytingu á dvalartíma barnsins, sækja þeir um hana skriflega hjá forstöðumanni frístundar.

Frístundargjöld eru innheimt með greiðsluseðli **eða boðgreiðslum**. Greitt er fyrirfram og er eindagi 15. hvers mánaðar. Hafi gjald ekki verið greitt á eindaga leggjast á dráttarvextir frá og með gjalddaga, sem telst vera dagsetning greiðsluseðils. Skuldi foreldrar 3 mánuði er barninu sagt upp frístund **og þá er skuldin komin í innheimtu hjá innheimtufyrirtæki.**

Gagnkvæmur uppsagnarfrestur er 1 mánuður og miðast við 1. eða 15. hvers mánaðar. Forstöðumaður gefur upplýsingar um gjaldskrá. Fjölskylduafsláttur er samtengdur milli daggæslu, leikskóla og/eða frístundar. **Til að njóta fjölskylduafsláttar þurfa börnin að vera skráð á kennitölu sama forráðamanns og með sameiginlegt lögheimili.**

Á starfstíma grunnskólans lokar frístund þrjá daga á hverju skólaári vegna skipulagsdaga starfsfólks. Þessa daga notar starfsfólkið til að undirbúa og skipuleggja starfið og til endurmenntunar.

Þeir dagar sem lokað er skulu koma fram á skóladagatali grunnskólans og vera auglýstir með minnst mánaðar fyrirvara.

Slysatrygging: Ef barn slasast í frístund greiðir grunnskólinn fyrstu heimsókn á slysadeild, þó aðeins upp að tilteknu hámarki. Heimilistrygging barnsins tekur svo á málinu, en þegar henni sleppir tekur slysatrygging bæjarins við. Þetta á aðeins við um líkamstjón, en ekki tjón á munum o.þ.h.

Starfsfólk frístundar er bundið þagnarskyldu samkvæmt starfsmannastefnu Akureyrarbæjar og lögum og reglugerðum er fjalla um umönnun barna.

Með undirritun á skjal þetta, skuldbinda foreldrar/forráðamenn sig til þess að virða ofangreinda skilmála og taka á sig þær fjárhagsskuldbindingar sem í samningnum felast.

Annað sem foreldrar / forráðamenn vilja taka fram:

<hr/> <hr/> <hr/> <hr/> <hr/>

Gildistími samnings er frá og með: _____

Dagsetning

Undirskrift forstöðumanna frístundar

Undirskrift foreldris/forráðamanns